

Svar

iðnaðarráðherra við fyrirspurn Árna Þórs Sigurðssonar um ráðningar starfsmanna.

Fyrirspurnin hljóðar svo:

1. *Hversu margir starfsmenn hafa verið ráðnir til starfa, annarra en afleysinga, í ráðuneytinu án þess að starfið væri auglýst árin 2007–2011, sundurliðað eftir árum?*
2. *Hversu margir þessara starfsmanna eru nú starfandi í ráðuneytinu?*

Á tímabilinu sem um er spurt hafa tveir starfsmenn verið ráðnir án auglýsingar þegar afleysingastörf eru frátalin. Í öðru tilvikinu var starfsmaður ráðinn árið 2008 í sérverkefni og starfaði hjá ráðuneytinu fram á árið 2009. Í hinu tilvikinu var starfsmaður ráðinn til tímabundinna verkefna á árinu 2010. Báðir þessir aðilar hafa látið af störfum.